

## 257 Stjórnarfundur 21.8.2017

Skrifstofa Brautarholti kl: 14:30, mættir eru Guðrún (starfsmaður) Stefán, Njáll, Ásgeir, Lalli, Magnús S, Jón Pétursson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

samþykkt.

### 2. Inntaka nýrra félaga

Engar formlegar umsóknir.

### 3. Starfið milli funda.

- Gunnar Baldursson (Grindavík) og Stefán fóru austur á firði og kynntu samkomulag fyrir hlutastarfandi. Stefán fer yfir málið.
- Golfmótið gekk vel og var þátttakan tæplega 50 manns.
- Stjórnarmenn LSS lýstu yfir áhyggjum yfir dvínandi áhuga félagsmanna í að taka þátt í viðburðum á vegum félagsins.
- Jón P. er með kort í nafni félagsins vegna ráðstefnu í október.

### 4. Ráðning framkvæmdarstjóra

### 5. Stefnumótun

Stefnt er að ferð í Munaðarnes í september þar sem stjórnin fer í stefnumótunavinnu.

### 6. Tryggingasjóður

MSS gerir grein fyrir stöðu tryggingasjóðs.

- a. Gæðahandbók í vinnslu
- b. Stjórn samþykkir að gjaldkeri LSS (Ásgeir) fái skoðunaraðgang að reikningum félagsins.
- c. Bæta við dagskrá næsta fundar fjárhagsleg staða félagsjóðs.

### 7. Orlofsmál

- a. Rætt um húsfund á Grandavegi,
  - i. Aðgengi, húsreglur
  - ii. Útbúa bækling,
  - iii. Fara yfir hlutverk og starfsemi orlofsnefndar.
  - iv. Setja inn upplýsingar á heimasíðu um staðsetningu íbúða.
  - v. Ásgeir fer í málið ásamt Guðrúnu, Endurskoðað á næsta stjórnarfundum.
  - vi. Þarf að moka grjót af þaki fyrir norðan, ferð skipulögð norður fyrir lok september.

## 8. Fagdeildirnar

- a. Fagdeild slökkviliðsmanna er með ráðstefnu í október og er undirbúningsvinna í fullum gangi.
- b. Fagdeild sjúkrafl.manna. er með í ráðstefnunni í október. Farið var yfir stöðu vinnuferla og rafræna sjúkraskrá – staðan óbreytt.

## 9. Samningur með breytingum til yfirlestrar

## 10. Samningur við sálfræðistofu

Njáll-Stefán og nýr framkvæmdarstjóri halda áfram að vinna í því máli.

## 11. Styrktarsjóður

- Samþykkt var hækkun á styrkjum vegna sjúkrabjálfunar, iðjubjálfunar, sjúkranudds, nálastungumeðferð, hnykkklækninga (kiropraktor) úr 2.000-kr pr.skipti í 3.500-kr.
- Samþykkt að hækka styrk vegna andvana fæðingu í sama og fæðingastyrk.

## 12. Staða sjúkrabíla

20 mánuðir eru síðan samningur rann út um sjúkrabíla. Stjórn LSS samþykkir að senda frá sér ályktun vegna þessarar stöðu. Njáll mun skrifa ályktun ásamt blaðagrein.

## 13. Önnur mál

- dagsetning fulltrúaráðsþings verður 18.október 2017.
- samþykkt að kaupa borðfána og stangarfána fyrir LSS
- póstlisti félagsmanna – farið verður í átak að safna öllum netföngum þeirra.

Fundi slitið.